# Tryggingaskírteini

**VPV Future Pension**
Einingatengd lífeyristrygging

---

Tryggingarskírteini
**Nr. 123456789**

fyrir tryggingasamninginn á milli
**Name Familyname**
**Example street 1**
**12345 Example City**
sem tryggingartaka

og

**VPV Lebensversicherungs-AG**
**Mittlerer Pfad 19**
**70499 Stuttgart**
**Germany**
sem vátryggjanda

**Þetta skjal var upphafl ega skrifað á þýsku. Íslenska þýðingin er ætluð fyrir gagnsæi og upplýsingar. Ef einhver munur er á milli þýska textans og íslensku þýðingarinnar, skal þýski textinn gilda.**

Dieses Dokument wurde in deutscher Sprache verfasst. Die isländische Übersetzung dient der Transparenz und Information. Bei Abweichungen zwischen dem deutschen und dem isländischen Text ist der deutsche Text maßgebend

| | | |
|---|---|---|
| **Almennar upplýsingar** | **Samningsnúmer**: | **123456789** |
| | Tryggingataki: | **Name Samplename** |
| | Tryggður einstaklingur: | **Name Samplename** |
| | Fæðingardagur: | 15.05.1990 |
| | Upphafsdagur tryggingasamnings: | 01.05.2020 |

| | | |
|---|---|---|
| **Tryggingin** | **Gjaldskrá**: | FP2<br>**VPV Future Pension (202310)**<br>Einingatengd lífeyristrygging |
| | Tryggingatímabil: | 01.05.2020 to 30.04.2055 |
| | Söfnunartímabil: | 01.05.2020 to 30.04.2055 |
| | Kalltímabil: | 01.05.2055 to 01.05.2075 |
| | Samþykktur upphafsdagur lífeyris: | 01.05.2055 |
| : | Tímalengd tryggðs lífeyris frá samþykktum upphafsdegi lífeyris | 18 years from start of pension |
| | Tryggður lágmarkslífeyrir frá samþykktum upphafsdegi lífeyris<br>fyrir hverjar € 10,000 samningsvirðis: | € 432.10 |

Ef hinn tryggði nær lífeyrisaldri greiðist til hans jafngreiðslur til lífstíðar með tímabili tryggðs lífeyris sem myndaðar eru af heildar samningseign.
Einnig getur hinn tryggði valið að:

- fá samningseignina sem eingreiðslu eða
- fresta töku lífeyris innan kalltímabils.

Vinsamlega athugð að jafngreiðslur lífeyris eru aðeins tækar ef árlegur lífeyrisréttur hefur náð €300 að teknu tilliti til fjárfestingarárangurs.
Ef að hinn tryggði deyr fyrir lífeyrisaldur er heildar samningseign greidd sem dánarbætur. Ef hinn tryggði deyr þegar lífeyrisgreiðslur er hafnar og á tímabili tryggðs lífeyris munum við greiða í eingreiðslu þær jafngreiðslur sem hefðu fallið til þar til tímabili tryggðs lífeyris lýkur, eins og andlát hefði ekki orðið, sem dánarbætur.

Á samþykktum upphafsdegi lífeyris tryggjum við hinum tryggða lágmarkslífeyri sem tiltekin er að ofan, fyrir hverjar € 10,000 í heildar samningseign. Ef hinn tryggði breytir samþykktum upphafsdegi lífeyris getur lágmarks árlegur lífeyrir og tryggt lífeyristímabil breyst.

| | | |
|---|---|---|
| **Reikningur fyrir mánaðarlegu iðgjaldi:** | Mánaðarlegt iðgjald tryggingar: | 100,00 € |

| | | |
|---|---|---|
| **Nýting ágóðahlutdeildar** | Ráðstöfun ágóðahlutdeildar<br>Aðaltrygging: | Fjárfesting í sjóðum |

Til viðbótar við tryggingaumsókn mynda eftirfarandi skjöl samningsgrundvöllinn fyrir tryggingunni og eru viðhengd þessu tryggingarskírteini:

- -Almennir samningsskilmálar fyrir Future Pension
- -Skattaupplýsingar
- -Almennar neytandaupplýsingar

---

**Samningsgrundvöllur**
**Samningurinn er gerður á grundvelli þessa tryggingarskírteinis, tryggingaskilmálanna, tryggingaumsóknar og annarra neytandaupplýsinga sem varða efni samningsins.**

---

**<u>Iðrunarréttur</u>**

**<u>Kafli 1</u>**
**<u>Réttur til iðrunar, afleiðingar uppsagnar og sérstakar upplýsingar</u>**

**<u>Réttur til uppsagnar</u>**

**Þú getur afturkallað samþykki þitt til samningsgerðar á skriflegan máta (þ.e. bréf, fax, tölvupóstur) innan 30 daga án þess að gefa upp ástæðu (iðrun).**
**Þessi iðrunarfrestur byrjar þegar lykil samningsskjöl hafa borist þér og:**

- **tryggingaskírteini**
- **samningsskilmálar,**
  þar með talið almennir tryggingaskilmálar tryggingarinnar sem varða samningssambandið, sem innifela ákvæði gjaldskrár,
- **þessar upplýsingar,**
- **og aðrar upplýsingar tilgreindar í kafla 2**

**hafa verið móttekin á skriflegu formi.**

**Tilkynning um iðrun, send án ástæðulausrar tafar, er nægjanleg til þess að teljast innan iðrunarfrests. Tilkynning um iðrun skal sendast til:**

**VPV Lebensversicherungs-AG**
**Mittlerer Pfad 19**
**70499 Stuttgart (Germany)**
**rðs**
**PO Box 31 17 55**
**70477 Stuttgart (Germany)**

**Iðrunartilkynning getur verið send á eftirfarandi faxnúmer:**
**+49 7 11/13 91-60 01**

**Iðrunartilkynning í tölvupósti skal vera send á eftirfarandi tölvupóstfang:**
**info@vpv.de**

**<u>Afleiðingar iðrunar</u>**

**Í tilfelli tilkynningar um iðrun innan réttra tímamarka, lýkur tryggingavernd og vátryggjanda ber að endurgreiða þér þann hluta iðgjalds sem tilheyrir tímabili eftir framkomna iðrunartilkynningu ef að tryggingaverndin hefur hafist áður en iðrunarfresturinn var liðinn. Í því tilfelli, getur vátryggjandi haldið eftir þeim hluta iðgjalds sem tilheyrir tímabili áður en tilkynning um iðrun barst; þetta er fjárhæðin sem sýnd er á bls. 2 í fylgibréfi sem fylgir tryggingaskírteininu. Vátryggjandi verður að greiða þér endurkaupsverð ásamt ágóðahlutdeild. Vátryggjanda ber að endurgreiða án ástæðulausrar tafar þá fjárhæð sem ber að endurgreiða, en í síðasta lagi 30 dögum eftir að hafa borist tilkynning um iðrun**

**Ef að tryggingavernd hefst ekki fyrr en eftir að iðrunarfresti lýkur, þýðir réttmæt nýting iðrunar það að endurgreiða verður mótteknar greiðslur og bætur (s.s. vexti).**

**Ef þú hefur nýtt þér rétt þinn til iðrunar á tryggingarsamningnum ertu ekki lengur bundin af samningnum. Tengdur samningur telst vera samningur sem tengist þeim sem sagt var upp og sem tengist þjónustu sem vátryggjandi eða þriðji aðili veitir á grundvelli samnings milli vátryggjanda og þriðja aðila. Ekki er leyfilegt að leggja á eða krefjast refsingar vegna iðrunar samnings.**

**<u>Sérstök athugasemd</u>**

**Réttur þinn til iðrunar rennur út ef að samningurinn hefur verið efndur bæði af þér og vátryggjanda vegna tilmæla frá þér áður en þú nýttir þér rétt til iðrunar.**

**<u>Kafli 2</u>**
**<u>Listi af upplýsingum sem þurfa að liggja fyrir til að iðrunarfrestur teljst hefjast</u>**

Þau lykil samningsskjöl sem tiltekin eru í 2. mgr. 1. kafla, eru tiltekin hér að neðan.

**<u>Undirkafli 1</u>**
**<u>Upplýsingaskylda sem varðar allar tegundir trygginga</u>**

Vátryggjanda ber að upplýsa þig um eftirfarandi:

1. Kenni vátryggjanda og það útibú sem ber ábyrgð á samningsgerð, þá fyrirtækjaskrá þar sem lögaðilinn er skráður og kenninúmer hans;
2. heimilisfang vátryggjanda sem hægt er að senda tilkynningar til og hvert það annað heimilisfang sem er viðkomandi viðskiptasambandi milli þín og vátryggjanda. Í tilfelli lögaðila, samtaka eða hóps persóna, þann fyrirsvarsmann sem við á. Ef að tilkynning er gerð með því að vitna til samningsákvæða, þ.m.t. tryggingarskilmála, skal tilkynning vera á afgerandi og skýru formi;
3. aðalstarfsemi vátryggjanda;
4. upplýsingar um tilvist tryggingarsjóðs eða aðra bótaaðila þar sem nafn þeirra og heimilisfang er tiltekið;
5. aðalatriði á tryggingaréttindum, þá sérstaklega um tegund og umfang réttindana ásamt gjalddaga vátryggjanda;
6. heildariðgjald tryggingar með öllum sköttum, gjöldum og öðrum kostnaðarþáttum þar sem iðgjald er sýnt sjálfstætt ef samningssambandið felur í sér nokkra sjálfstæða tryggingarsamninga og ef iðgjaldið getur ekki verið sýnt sjálfstætt, þá ber að sýna þann reiknigrundvöll sem myndar iðgjaldið þannig að þú getir reiknað það;
7. a) allan annan kostnað sem fellur á sem og tilgreining heildarfjárhæð hans sem kemur til greiðslu og hvers kyns annan kostnað sem ekki er greiddur eða reikningsfærður af vátryggjanda;
   b) kostnað sem fellur á þig vegna fjarsamskipta, ef slíkur kostnaður er reikningsfærður;
8. upplýsingar um greiðslur og efndir og þá sérstaklega aðferðafræði við greiðslu iðgjalda:
9. tímatakmörk á veittum upplýsingum, t.d. frest á tímabundnum tilboðum og þá sérstaklega sem varðar iðgjald;
10. viðvörun vegna þeirrar fjármálaþjónustu sem varðar fjármálagerninga sem vegna sérstakra eiginleika eða viðskipta sem munu eiga sér stað, fylgi áhætta eða verðlagning þeirra eru háð verðsveiflum fjármálamarkaða sem vátryggjandi getur ekki haft áhrif og að fjárfestingarárangur fortíðar er ekki vísbending um slíka árangur til framtíðar. Viðkomandi kringumstæðum og áhættu skal lýst;.
11. upplýsingar um hvernig tryggingarsamningur verður bindandi og sérstaklega hvenær trygging byrjar, hver verndin er ásamt tímabili sem tryggingaumsækjandi er bundin af umsókn sinni;
12. hvort að samningur sé uppsegjanlegur eða ekki ásamt skilyrðum uppsagnar sé sá réttur til staðar. Tilgreina ber uppsagnarferli og sérstaklega nafn og heimilisfang þess aðila sem uppsögn skal beinast til og lagalega afleiðingar uppsagnar. þ.m.t. fjárhæð sem ber að greiða í tilfelli uppsagnar. Ef að uppsögn er gerð með tilvísun til samningsákvæða, þ.m.t. tryggingaskilmála, skal slík tilkynning vera á afgerandi og skýru formi;
13. a) upplýsingar um gildistíma samnings;
    b) upplýsingar um lágmarks gildistíma samnings;
14. upplýsingar um lok samnings og þá sérstaklega um samningsákvæði er varða uppsagnarrétt sem og kostnað sem fylgir uppsögn. Ef að tilkynning er gerð með tilvísun til samningsákvæða, þ.m.t. tryggingaskilmála, skal tilkynning vera á afgerandi og skýru formi;
15. hvaða löggjöf innan Evrópusambandsins er notuð af hálfu vátryggjanda sem grundvöllur fyrir því að mynda samningssamband við þig áður en tryggingarsamningurinn er gerður;
16. hvaða löggjöf skuli gilda um samninginn með tilheyrandi samningsákvæði og hvaða dómstóll eigi lögsögu;
17. það tungumál sem er notað fyrir samningsákvæði og þær upplýsingar sem vísað er til í þessum undirkafla sem og það tungumál sem vátryggjandi notar, með þínu samþykki, til þess að eiga samskipti á samningstímanum.
18. hvaða aðgang þú hefur af kvörtunar- og kærumeðferð utan réttar og ef við á skilyrði þess. Það ber að útskýra sérstaklega að aðgangur þinn að slíkri málsmeðferð hafi ekki áhrif á rétt þinn til að grípa til lögfræðilegra aðgerða.
19. nafn og heimilisfang eftirlitsaðila og þann möguleika að leggja fram kvörtun við slíkan aðila.

## Undirkafli 2
## Aðrar upplýsingaskyldur vegna þessarar lífeyristryggingar

Vátryggjanda ber ennfremur að veita þér eftirfarandi upplýsingar vegna þessarar lífeyristryggingar:

1. upplýsingar í evrum um fjárhæð kostnaðar sem greiddur er með iðgjaldinu. Sölu- og dreifingarkostnað skal tilgreina sem heildarfjárhæð og annar kostnaður skal framsettur sem hlutfall af árlegu iðgjaldi með tímabilinu tilgreindu, Í tilfelli annars kostnaðar skal sýna umsýslukostnað sem hlutfall af árlegu iðgjald með tímabilinu tilgreindu;
2. upplýsingar í evrum um annan hugsanlegan kostnað og þá sérstaklega hugsanlegan einskiptiskostnað eða kostnað sem fellur til vegna sérstakra ástæðna;
3. upplýsingar um reiknireglur og aðferðafræði til þess að ákvarða ágóðahlutdeild og úthlutun ágóðahlutdeildar;
4. tilgreining í evrum um endurkaupsverð;
5. upplýsingar í evrum um lágmarks samningseign til að breyta yfir í iðgjaldslausan samning eða samning með lækkuðu iðgjald sem og um réttindi sem fylgja iðgjaldslausum samning eða samning með lækkuðu iðgjaldi;
6. að hvaða marki réttindi skv. lið 4 og 5 hér að ofan eru tryggð; þær upplýsingar ber að gefa í evrum;
7. upplýsingar um undirliggjandi verðbréfasjóði og tegund eigna;

8. almennar upplýsingar um skattamál sem varða þessa tegund trygginga;
9. áhrif kostnaðar á fjárfestingarárangur í prósentustigum fram að lífeyristöku.

**Endir upplýsinga um iðrunarrétt**

---

**Sérstakt samkomulag**

Sérstaka samkomulagið fyrir for VPV Future Pension með sínum sérskilmálum er gilt fyrir samningin þinn. Ef að ósamræmi er á samningsákvæðum sérstaka samkomulagsins við samningsákvæði almenna tryggingaskilmálans, þá gilda ákvæði sérstaka samkomulagsins..

**Sérstakar athugasemdir**

1. Í samræmi við 3.gr. VVG, getur tryggingataki krafist afrita af öllum yfirlýsingum sem hann hefur gefið og tengjast samningnum.

2 Fjárhæð ágóðahlutdeildar sem rétthafi á tilkall til samkvæmt þátttöku í ágóðahlutdeild og er tilgreint í tryggingarskilmála fer eftir fjárfestingartekjum en einnig áhættureynslu, þróun á verðmatssjóð og þróun kostnaðar. Fjárhæð ágóðahlutdeildar sem er reiknuð og lofuð ár frá ári getur því breyst. Það er ekki hægt að gefa út bindandi yfirlýsingu til framtíðar um fjárhæð ágóðahlutdeildar. Þessi samningur gefur einnig rétt til hlutdeildar í verðmatssjóð sbr. gr.153.3. Frekari upplýsingar er að finna í hjálögðum almenna tryggingarskilmála.

3. Sérstaka samkomulagið er ritað í tryggingarskírteinið eða sem fylgiskjal með tryggingaskírteininu.

Stuttgart, 01.04.2020
VPV LEBENSVERSICHERUNGS-AG

*Signatures*

### Tryggðar fjárhæðir fram að samþykktum upphafsdegi lífeyris

Tryggð samningseign áður en kemur að samþykktum upphafsdegi lífeyris og tryggður lífeyrir þegar kemur að samþykktum upphafsdegi lífeyris er € 0. Tryggðar dánarbætur eru líka € 0.

### Lýsing verðbréfasjóða

Sjóðakarfa: [Basket_name]

Samkvæmt þeirri sjóðakörfu sem hefur verið valin munu framtíðariðgjöld þín að frádregnum kostnaði skiptast eins og greinir hér neðan.

---

| | |
|---|---|
| *Nafn verðbréfasjóðs:* | *x* |
| ISIN: | x |
| Sjóðastýringarfyrirtæki: | x |
| Gjaldmiðill sjóðs: | x |
| Tegund sjóðs: | x |
| Fjárfestingaáhersla: | x |
| Nýting hagnaðar: | x |
| Úthlutun: | x.x % |

---

| | |
|---|---|
| *Nafn verðbréfasjóðs:* | *x* |
| ISIN: | x |
| Sjóðastýringarfyrirtæki: | x |
| Gjaldmiðill sjóðs: | x |
| Tegund sjóðs: | x |
| Fjárfestingaáhersla: | x |
| Nýting hagnaðar: | x |
| Úthlutun: | x.x % |

---

| | |
|---|---|
| *Nafn verðbréfasjóðs:* | *x* |
| ISIN: | x |
| Sjóðastýringarfyrirtæki: | x |
| Gjaldmiðill sjóðs: | x |
| Tegund sjóðs: | x |
| Fjárfestingaáhersla: | x |
| Nýting hagnaðar: | x |
| Úthlutun: | x.x % |

---

**Óskuldbindandi útreikningur**

Hér að neðan birtum við **óskuldbindandi útreikning** á hugsanlegri fjárhagslegri þróun á VPV Future Pension samning þínum. Þessi óskuldbindandi útreikningur í dæmaskyni getur ekki myndað neina samningskröfu á okkur.

Raunveruleg heildarréttindi þín frá VPV Future Pension þínum munu byggja á heildareignum í verðbréfasjóðum þegar greiðslur til þín eiga sér stað. **Þar sem fjárfestingarárangur sjóða í framtíðinni er óþekktur getum við ekki ábyrgst endanleg heildarréttindi úr samningnum.** Við getum heldur ekki tryggt úthlutaða ágóðahlutdeikd til lengri tíma. Fjárhæðir hér að neðan eru því alfarið í dæmaskyni.

Við tökum endurúthlutun til sjóða með í framreikninginn.

Útreikningurinn er byggður á núverandi yfirlýsingu um ágóðahlutdeild. Það er gert ráð fyrir að ágóðahlutdeild verði hin sama á líftíma samnings.

Kostnaður sjóðsstýringarfyrirtækja fyrir stýringu verðbréfasjóða hefur ekki verið dregin frá þeim fjárfestingarárangri sem tiltekin er fyrir hvern verðbréfasjóð. Kostnaður (þ.m.t frá sjóðastýringarfyrirtæki) hefur á hinn bóginn verið dregin frá þeirri fjárhæð sem er birt sem hugsanleg réttindi.

Þessi útreikningur gerir ráð fyrir að samþykkt iðgjöld verði greidd til VPV Future Pension samningsins og engar breytingar verði gerðar á samningnum.

- **Hugsanleg heildarréttindi við samþykktan upphafsdag lífeyris**

Heildafjárhæð lífeyrisréttinda við samþykktan upphafsdag lífeyris fer mjög mikið eftir fjárfestingarárangri undirliggjandi verðbréfasjóða þinna á söfnunartímabilinu. Við útreikning á hugsanlegum lífeyrisréttindum höfum við áætlað að núverandi reiknigrundvöllur (þá sérstaklega vextir og dánarlíkutöflur) sé gildur þegar kemur að lífeyristöku. Hinsvegar, þá er þessi reiknigrundvöllur ekki tryggður.

Í eftirfarandi töflu sýnum við þér dæmi um heildarréttindi (eftir frádrátt kostnaðar) sem gætu orðið við samþykktan upphafsdag lífeyris þann xx.xx.xxxx. Við höfum gert ráð fyrir stöðugum fjárfestingarárangri eins og sýndur er að neðan. Raunverulegur fjárfestingarárangur og heildarréttindi geta/ur líka verið lægri eða hærri.

| Árlegur fjárfestingarárangur (fyrir frádrátt kostnaðar) samsvarar | Hugsanleg heildarréttindi ef valið er eingreiðsluuppgjör í € | Hugsanlegur árlegur lífeyrir í € |
|---:|---|---|
| x.xx % | | |
| x.xx % | | |
| x.xx % | | |
| x.xx % | | |

- **Hugsanleg heildarréttindi fram að samþykktum upphafsdegi lífeyris**

Í eftirfarandi tveimur töflum sýnum við þér dæmi um heildarréttindi sem gætu myndast fram að samþykktum upphafsdegi lífeyris þar sem gert er ráð fyrir stöðugum fjárfestingarárangri sjóða eins og neðan greinir. Raunverulegur fjárfestingarárangur getur líka verið lægri eða hærri.

Ef hinn tryggði deyr er þáverandi heildar samningseign greidd út sem dánarbætur. Til einföldunar höfum við reiknað fjárhæðir miðað við tilteknar dagsetningar.

| Miðað við dags. | **Hugsanleg heildarréttindi í tilfelli andláts í € (eftir frádrátt kostnaðar) miðað við stöðugan neðangreindan fjárfestingarárangur (fyrir frádrátt kostnaðar) sem nemur** | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **x.xx %** | **x.xx %** | **x.xx %** | **x.xx %** |
| xx .xx.xxxx | | | | |
| xx.xx.xxxx | | | | |
| ... | | | | |
| xx .xx.xxxx | | | | |

Hér að neðan sýnum við þér hugsanleg heildarréttindi samningsins í tilfelli uppsagnar áður en kemur að samþykktum upphafsdegi lífeyris miðað við tiltekna uppsagnardaga. Þú getur einnig sagt upp samning þínum á öðrum dagsetningum (sjá kaflann „Hvenær getur þú sagt upp samning þínum og hvaða réttindi veitum við?“). í almenna tryggingarskilmálanum.

| Miðað við dags. | Gjald við uppsögn í € | **Hugsanleg heildarréttindi við uppsögn (eftir uppsagnargjald) í € miðað við eftirfarandi stöðugan fjárfestingarárangur (fyrir frádrátt kostnaðar)** | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **x.xx %** | **x.xx %** | **x.xx %** | **x.xx %** |
| xx . xx.xxxx | | | | | |
| xx.xx.xxxx | | | | | |
| ... | | | | | |
| xx .xx.xxxx | | | | | |

Ef þú segir upp VPV Future Pension samning þínum með útborgun heildareignar drögum við frá ofangreint uppsagnargjald. Við höfum þegar tekið tillit til þess í ofangreindum tölum.

- **Hugsanleg heildarréttindi frá samþykktum upphafsdegi lífeyris**

Fjárhæð jafnra lífeyrisgreiðslna frá samþykktum upphafsdegi lífeyris fer mjög mikið eftir fjárfestingarárangri eigna þinna í undirliggjandi verðbréfasjóðum meðan á söfnunartíma stóð. Til að reikna hugsanlegar lífeyrisgreiðslur áætlum við að núgildandi reiknigrundvöllur (þá sérstaklega vextir og dánarlíkutöflur) verði í gildi þegar kemur að lífeyirstöku. Hins vegar, þá er þessi reiknigrundvöllur ekki tryggður.

Til þess að gefa þér hugmynd um hvernig samningur þinn gæti þróast frá samþykktum upphafsdegi lífeyris, þá höfum gefið okkur stöðugan fjárfestingarárangur verðbréfasjóða sem x.xx % (fyrir kostnað) á söfnunartímanum sem dæmi hér að neðan. .

Eftirfarandi eru dæmi um hugsanlega þróun lífeyris á nokkrum fyrstu árunum eftir að þú hefur lífeyristöku.

**Hugsanleg heildarréttindi í € (eftir frádrátt kostnaðar) frá upphafi lífeyristöku miðað við áætlaða 1.75% ársvexti (fyrir kostnaðarfrádrátt), að því gefnu að heildarsamningseign sé € xx,xxx við samþykktan upphafsdag lífeyristöku:**

| Ár lífeyristöku | Árlegur lífeyrir | Dánarbætur í tilfelli andláts í byrjun árs. |
|---:|---|---|
| 1 | | |
| 2 | | |
| … | | |
| 18 | | |

Árlegur áætlaður lífeyrir reiknaður lengra fram í tímann er ekki sýndur.

Vinsamlega athugið myndun árlegs jafns lífeyris eru eingöngu mögulegur ef að lágmarkslífeyri sem nemur € 300 á ári er náð

Frekari upplýsingar um hvernig fjárhæðir lífeyris myndast er að finna í 1. gr. almenna tryggingaskilmálans.